



Sandgerðisbær

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Annasar Jóns Sigmundssonar
Skúlagötu 4
150 Reykjavík

Sandgerði, 09.01.2018
13.11/1709006 SÁ

Efni: Byggðakvóti fiskveiðisársins 2017/2018: sérstök skilyrði fyrir úthlutun

Vísað er til bréfs atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 21. nóvember 2017 þar sem tilkynnt er um úthlutun byggðakvóta, 251 þorskígildistönnum, til Sandgerðisbæjar fyrir fiskveiðisárið 2017/2018. Jafnframt er vísað til tölvupósts-samskipta þann 12.12.2017 við ráðuneytið þar sem Sandgerðisbæ var veittur frestur til 12. janúar til að skila inn óskum um sérstök skilyrði fyrir úthlutun.

Á fundi bæjarráðs Sandgerðisbæjar 9. janúar var tillaga hafnaráðs um ósk um sérreglur vegna úthlutunar byggðakvóta samþykkt. Tillögurnar miða að því að auka vermæti úthlutunarinnar og efla atvinnustarfsemi.

Þess er hér með farið á leit við ráðuneytið að eftirfarandi sérskilyrði verði sett fyrir úthlutun byggðakvóta í Sandgerðisbæ vegna fiskveiðisársins 2017/2018:

1. Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verði:

Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðisárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt þannig að 30% byggðakvótans skiptist jafnt milli skipa þó ekki meira í þorskígildum talið en viðkomandi bátur landaði í þorskígildum í Sandgerði á fiskveiðisárinu 2016/2017 og 70% skipt hlutfallslega til sömu skipa af því aflamarki sem fallið hefur til Sandgerðis, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, á tímabilinu 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.



Sandgerðisbær

2. Ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verði:

Fiskiskipum er skylt að landa í Sandgerði þeim afla sem telja á til byggðakvóta Sandgerðis og til vinnslu innan Sandgerðisbæjar á tímabilinu frá 1. september 2017 til 31. ágúst 2018.

Virðingarfyllst,

Sigrún Árnadóttir
bæjarstjóri